



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 17. september 2026

SFS26080136

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Vinstrisins um stuðning við starfsfólk frístundastarfs eftir stjórnskipulagsbreytingar

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 31. ágúst 2026, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Vinstrisins:

Hvernig er gert ráð fyrir því að starfsfólk frístundapjónustu hafi möguleika á að sinna metnaðarfullu fagstarfi fyrir börn og fjölskyldur í hverfunum án þess baklands sem fellur niður með skipulags- og hagræðingaraðgerðum meirihlutans sem borgarráð samþykkti þann 25. ágúst sl.?

Svar:

Í skipulags- og hagræðingaraðgerðunum sem samþykktar voru 25. ágúst sl. er ekki gert ráð fyrir að faglegt bakland frístundapjónustunnar falli niður heldur breytist skipan þess. Markmið nýs skipulags er að tryggja áframhaldandi stuðning við stjórnendur og starfsfólk frístundaheimila og félagsmiðstöðva með sérfræðingum frístundastarfs á miðlægri skóla- og frístundapjónustu, skrifstofu frístundamála, mannauðspjónustu og fjármálapjónustu. Stjórnendur og starfsfólk frístundaheimila og félagsmiðstöðva mun eftir sem áður sinna metnaðarfullu fagstarfi fyrir börn og fjölskyldur í hverfunum.

Í innleiðingarfasa til áramóta verða stjórnendur með skilgreinda yfirmenn á skrifstofu frístundamála á Austur- og Vestursvæði. Jafnframt verða starfandi sérfræðingar í málefnum félagsmiðstöðva og frístundaheimila sem hafa það hlutverk að veita faglega ráðgjöf, fræðslu og stuðning, auk þess að vísa málum í réttan farveg. Þá verður áfram aðgengi að sérfræðiráðgjöf í rekstri, fjármálum og mannauðsmálum.

Byggt er á stjórnendastefnu borgarinnar að fagleg ábyrgð, mannauðsábyrgð og fjármálaábyrgð sé á sömu hendi. Til að forstöðumenn geti sinnt þeirri ábyrgð af metnaði og fagmennsku verður áfram lögð áhersla á að styðja þá, efla og veita þeim viðeigandi ráðgjöf, fræðslu og verkfæri til að leiða starfsemi sína. Lagt er upp með að fundir, fræðsla og faglegt samstarf verði áfram mikilvægur vettvangur fyrir stjórnendur. Skrifstofa frístundamála og skóla- og frístundapjónusta vinna að gerð fræðsludagatala og skipulagningu starfsdaga, auk þess sem Viva Engage er nýtt til að efla upplýsingamiðlun, samráð og stuðning. Nýtt skipulag byggir á þeirri forsendu að stjórnendur njóti virks stuðnings við að sinna þessum mikilvægu stjórnunarhlutverkum og að áfram verði unnið að því að efla faglegt starf í þágu barna og fjölskyldna í hverfum borgarinnar.

Nýtt verklag verður þróað og endurskoðað í nánú samtali við forstöðumenn og aðstoðarforstöðumenn fram til áramóta. Þannig er gert ráð fyrir að faglegt starf fyrir börn og fjölskyldur verði áfram stutt af sérfræðingum og stjórnendum frístundastarfs, þó að skipulag baklandsins taki breytingum og verði útfært með öðrum hætti en áður.